

Frumvarp til laga

um breytingu á löggreglulögum, nr. 90/1996 (lögmæt fyrirmæli lögreglu).

Flm.: Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Andrés Ingi Jónsson,
Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Björn Leví Gunnarsson,
Gísli Rafn Ólafsson, Lenya Rún Taha Karim.

1. gr.

Á undan orðinu „fyrirmælum“ í 19. gr. laganna kemur: lögmætum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einu orði verði bætt við 19. gr. löggreglulaga, nr. 90/1996, sem kveður á um að almenningi sé „skylt að hlýða fyrirmælum sem löggreglan gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglu á almannafærí“. Það er mat flutningsmanna að krafan um að fyrirmæli löggreglunnar séu ávallt lögmæt skýri betur valdheimildir embættisins og undirstriki þann vilja löggjafans að ákvarðanir lögreglu eigi sér ætíð stoð í lögum.

Skylda til að hlýða fyrirmælum lögreglu.

Löggreglan hefur veigamiklu hlutverki að gegna íslensku samfélagi. Í löggreglulögum, nr. 90/1996, er þess m.a. getið að embættið hafi víðtækar valdheimildir og umboð til að halda uppi lögum og reglu. Það er þannig í verkahring lögreglu að sporna við og rannsaka hvers kyns afbrot, stuðla að almann- og réttaröryggi landsmanna, aðstoða borgarana og yfirvöld eftir því sem við á o.fl. Til þess að löggreglan geti sinnt þessum skyldum sínum þarf hún að njóta trausts í samféluginu, sem af fræðimönnum er talin lykilforsenda fyrir því að almennингur reiði sig á og treysti þjónustu löggreglunnar. Meðal þess sem talið er auka tiltrú almennings á embættinu er að fólk upplifi að löggreglan beiti ekki meira valdi en þörf krefur. Verði misrestur þar á er það talið geta grafið undan trausti til löggreglunnar, enda verði þau sem þurfa að fylgja fyrirmælum embættisins að upplifa lögregluna sem réttláta og lögmæta.

Frumvarp þetta miðar að því að tryggja að fyrirmæli löggreglunnar, sem getið er um í 19. gr. löggreglulaga, nr. 90/1996, byggist alltaf á lögmætum forsendum. Það er mat flutningsmanna að það sé ekki einungis til þess fallið að auka traust í garð löggreglunnar heldur muni það jafnframt stuðla að aukinni réttindavernd almennra borgara. Að lagareglu þurfi að liggja til grundvallar fyrirmælum lögreglu sé til þess fallið að draga úr líkum þess að gengið sé að óþörfu á frelsi borgaranna. Núverandi ákvæði hrekkur skammt í þeim efnum, ekki síst þegar kemur að fundafrelsi fólks sem til að mynda er varið í 74. gr. stjórnarskráinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var með lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994.

Beiting dómstóla á 19. gr. lögreglulaga.

Ein helstu fordæmi fyrir beitingu 19. gr. lögreglulaga gegn mótmælendum má sjá í dóum Héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. S-349/2010 og S-16/2011, en í þeim var sami einstaklingur tvisvar sakfelldur fyrir brot gegn 19. gr. lögreglulaga. Í báðum tilvikum hafði hann viðhaft mótmæli fyrir framan sendiráð Bandaríkjanna við Laufásveg í Reykjavík. Mótmælin fólust í því að hann stóð fyrir utan sendiráðið, nálægt inngangi þess, en þó ekki þannig að af honum væri nein sérstök truflun. Þegar hann neitaði að láta af mótmælunum og færa sig frá sendiráðinu var hann handtekinn og síðar sakfelldur fyrir brot gegn 19. gr. lögreglulaga. Í þessum málum má sjá að mótmælandinn var ekki að neinu leyti að trufla eða hafa áhrif á starfsemi sendiráðsins en þrátt fyrir það var hann sakfelldur. Verður það að teljast skýr skerðing á réttinum til mótmæla.

Önnur nýleg dæmi má til að mynda sjá í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-1370/2021, þar sem sakfellt var fyrir að óhlýðnast fyrirmælum lögreglu. Þar hafði hópur fólks safnast saman til friðsamlegra samstöðumótmæla við Alþingishúsið sem lögreglan leysti að endingu upp því talið var að mannsöfnuðurinn torveldaði aðgengi að aðalinngangi hússins. Þrátt fyrir að starfsfólk hafi komist leiðar sinnar og engin ógn stafað af mótmælunum voru þátttakendur engu að síður dæmdir á grundvelli 19. gr. lögreglulaga.

Lengri hefð er fyrir beitingu greinarinnar til refsingar, en dæmi um beitingu hennar má m.a. sjá í dómi Hæstaréttar í máli nr. 814/2014, svonefndu Gálgahraunsmáli. Í því máli fóru fram mótmæli gegn framkvæmdum Vegagerðarinnar, sem var að leggja svokallaðan Álfanesveg í Garðabæ sem lá að hluta um Gálgahraun. Um var að ræða friðsamlega mótmæli, en mótmælendur höfðu komið sér fyrir í hrauninu og komu þannig í veg fyrir lagningu vegar um hraunið. Vegagerðin kallaði til lögreglu, sem fjarlægði mótmælendur með valdi og handtók nokkur þeirra. Var í málinu m.a. deilt um hvort réttur mótmælanda væri varinn af 73. gr. stjórnarskráinnar. Samkvæmt dómi Hæstaréttar hlaut mótmælandi refsingu fyrir að hafa ekki hlýtt ítrekuðum fyrirmælum og þar með brotið gegn 19. gr. lögreglulaga, en álit Hæstaréttar var að rétturinn til að mótmæla yrði að víkja að því marki sem hann hefði staðið því í vegi að framkvæmdir gætu haldið áfram.

Annað dæmi um beitingu 19. gr. lögreglulaga í dóum Hæstaréttar er að finna í máli nr. 252/2009, en þar var staðfestur dómur yfir fjórum mótmælendum, sem höfðu ásamt fjórum öðrum lokað veginum að Hellisheiðarvirkjun í mótmælaskyni. Löggregla hafði fyrirskipað þeim að opna veginn aftur fyrir umferð og hverfa af vettvangi. Var háttsemin talin varða við 19. gr. lögreglulaga og þau sakfelld fyrir brot gegn henni.

Það er mat flutningsmanna að núverandi ákvæði sé, ekki síst í þeim tilfellum sem að framán greinir, ekki nægilega skýr refsheimild. Niðurlag 19. gr. áskilur hvorki að löggregla gæti hófs í fyrirmælum sínum né að henni séu sett önnur takmörk. Því má færa fyrir því rök að greinin geti valdið skertu réttaröryggi vegna óskýrleika síns, sem stangast á við 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. áðurnefnd lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994. Greinin gerir lögmætiskröfu, kröfu um að landslög séu fyrirsjáanleg og skýr. Flutningsmenn telja að 19. gr. lögreglulega uppfylli ekki þær kröfur.

Því til viðbótar benda flutningsmenn á mikilvægi þess að gætt sé að meðalhófi við beitingu 19. gr. Svo virðist sem dómstólar taki mjög lítið tillit til þess hvort gætt sé að meðalhófi þegar löggregla beitir valheimildum á grundvelli 19. gr., þótt henni beri skylda til þess. Með því að auka kröfurnar um beitingu 19. gr. aðeins á grundvelli lögmætra fyrirmæla skapast nauðsyn fyrir dómstóla til að taka afstöðu gagnvart því hvort fyrirmæli löggreglu hverju sinni séu lögmæt eður ei. Við það mat verður óhákvæmlega einnig að taka tillit til þess hvort meðalhófi hafi verið beitt og vilja flutningsmenn undirstrika mikilvægi þess að slíkt mat fari ávallt fram, bæði af hálfu löggreglu þegar hún veitir fyrirmælin og handtekur eða ákærir

einstaklinga á grundvelli brota gegn 19. gr., sem og dómstóla þegar þeir kveða upp dóma fyrir meint brot gegn 19. gr.

Með breytingu frumvarps þessa er því ekki einvörðungu ætlunin að skýra heimildir lög-reglunnar, sem er til þess fallið að auka traust almennings í hennar garð, heldur jafnframt að auka réttaröryggi og renna styrkari stoðum undir réttindi borgaranna.